



HRUNAMANNAHREPPUR

52. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 4. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. APRÍL 2022

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 7. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna veitingaleyfis að Efra-Seli. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Ársreikningur 2021: Fyrri umræða.**

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2021, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Haraldur Örn Reynisson endurskoðandi kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til fundar sveitarstjórnar í maí. Sveitarstjórn þakkar Haraldi Erni fyrir góða yfirferð.

2. **KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2021.**

Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2021.

3. **Yfirdráttarheimild. Framlenging.**

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arionbanka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000 sem rennur út í apríl verði framlengd til eins árs og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárpörf sveitarfélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.

4. **Leikskólastjóri Undralands: Ráðning.**

Oddviti kynnti ráðningarferli vegna stöðu leikskólastjóra í Undralandi. Eftir auglýsingu barst ein umsókn frá Ingvaldi Eiríksdóttur sem gegnir tímabundið stöðu leikskólastjóra. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Ingvaldi Eiríksdóttur í starf leikskólastjóra í Undralandi.

5. **Kennslueldhús: Minnisblað.**

Oddviti kynnti minnisblað frá EFLU verkfræðistofu vegna samanburðar á valkostum við að endurnýja kennslueldhús við Flúðaskóla. Annars vegar var skoðaður kostur við að nýta óinnréttað rými fyrir ofan tækjageymslu í íþróttahúsi og hins vegar að kaupa færanlegt hús. Sveitarstjórn samþykkir að velja þann kost að nýta rými ofan við tækjageymslu og að skoðað verði hvort hægt sé að samnýta rýmið fyrir aðra starfsemi. Gera þarf ráð fyrir að hækka fjárfestingarkostnað í íþróttahúsi um kr. 20. milljónir sem yrði mætt með lántöku.

6. **Félagsmálaráðuneytið: Móttaka flóttamanna.**

Oddviti kynnti könnun frá Félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem leitað er eftir þátttöku sveitarfélaga í samræmdri móttöku flóttafólks. Sveitarstjórn samþykkir að skoða leiðir til þess að gera samninga við ráðuneytið um móttöku flóttamanna frá Úkraínu.

7. **Arnardrangur hses: Stofnfundur.**

Oddviti kynnti boð á stofnfund Arnardrangs hses sem boðaður er 13. apríl nk en tilgangur félagsins er að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi félagslegra íbúða fyrir fatlað fólk. Þar verður kosið í stjórn Arnardrangs hses og samþykktir félagsins lagðar fram til samþykktar. Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri eða oddviti undirriti nauðsynleg skjöl vegna stofnunar félagsins.

8. **Leigusamningur milli Hrunamannahrepps og Riding Tours South Iceland ehf. vegna fjallaskála á Hrunamannaafretti. Framlenging.**
Oddviti kynnti leigusamning við Riding Tours South Iceland ehf. vegna fjallaskála á Hrunamannaafretti og heimild samningsins til framlengingar til tveggja ára þannig að gildistími samningsins verði til ársloka 2023. Sveitarstjórn samþykkir framlenginguna og felur sveitarstjóra að undirrita hana.
9. **Varmaorka: Erindi vegna nýtingar jarðvarma að Kópavatni.**
Oddviti kynnti erindi frá Varmaorku um hugmyndir á nýtingu jarðvarma að Kópavatni og fara fram á leyfi til rannsókna með Flúðaorku í sumar. Sveitarstjórn tekur vel í samstarf við Varmaorku og Orkídeu um hugmyndir varðandi nýtingu á jarðvarma. Sveitarstjórn samþykkir að veita Varmaorku leyfi til rannsókna á svæðinu á grundvelli gildandi rannsóknarleyfis sveitarfélagsins í samstarfi við Hitaveitu Flúða.
10. **B.R. Sverrisson ehf: Umsókn um lóðina Vallarslóð 2.**
Oddviti kynnti umsókn frá B.R. Sverrisson ehf. um lóðina Vallarslóð 2 í iðnaðarhverfinu á Flúðum en félagið hefur fengið samliggjandi lóð að Iðjuslóð 2 úthlutað. Tilgangur með því að fá Vallarslóð 2 úthlutað er að fyrirtækinu vantar aukið athafnapláss. Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni skv. 9. gr. úthlutunarreglna til B.R. Sverrisson ehf. Gerður verði lóðarleigusamningur við lóðarhafa þannig að gatnagerðargjöld verði lögð á og greidd í síðasta lagi þegar Vallarslóðin verður lögð að lóðinni og að lóðarhafi skermi lóðina af.
11. **Dómsmálaráðuneytið: Endurskipulagning sýslumannsembætta.**
Oddviti kynnti bréf frá dómsmálaráðherra þar sem farið er yfir áform og markmið sem stefnt er að með endurskipulagningu sýslumannaembætta sem miðar að því að sameina embætti landsins í eitt. Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggt verði jafnt aðgengi að þjónustu um allt land. Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að leggja stórauðna áherslu á stafræna þjónustu og að breytingarnar verði til þess að efla núverandi starfsemi og styrkja þær starfsstöðvar sem eru að þjónusta almenning um land allt. Sveitarstjórn leggur áherslu á að það verði horft til þess að fjölga óstaðbundnum störfum og verkefnum utan höfuðborgarsvæðisins til að styðja við jákvæða byggðapróun.
12. **Hrunamannavegur 3: Skrifstofuhótel.**
Oddviti kynnti hugmynd sem hefur verið rædd við eiganda Hrunamannavegar 3 um að sveitarfélagið leigi hluta jarðhæðar undir skrifstofuhótel. Sveitarstjórn tekur jákvætt í beiðnina og felur Jóni Bjarnasyni að skoða útfærslur að samningum við húseiganda.
13. **Hestamannafélagið Jökull: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Jökli en sameinað hestamannafélag í Uppsveitum óskar eftir styrk frá þeim sveitarfélögum sem hestamannafélagið starfar í. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 500 þús á árinu 2022 og síðan árlega kr. 1 millj. á árunum 2023-2026.
14. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025.
15. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipta sameign, landamerki o.fl.).
16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjöleignarhús (gælundýrahald).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um fjöleignarhús (gælundýrahald).

17. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030. Sveitarstjórn vísar málinu til öldungaráðs.
18. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu).
19. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. Sveitarstjórn vísar málinu til öldungaráðs.
20. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjarskipti.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um fjarskipti.
21. **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldastofn fasteignaskatts).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldastofn fasteignaskatts).
22. **Innviðaráðuneytið: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (Íbúakosningar á vegum sveitarfélaga).**
Oddviti kynnti drög frá Innviðaráðuneytinu að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (Íbúakosningar á vegum sveitarfélaga).
23. **Innviðaráðuneytið: Drög að leiðbeiningum og ramma að álitum sveitarfélaga með undir 250 íbúa um stöðu og getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum.**
Oddviti kynnti drög frá innviðaráðuneytinu að leiðbeiningum og ramma að álitum sveitarfélaga með undir 250 íbúa um stöðu og getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

24. **Skólanefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 10. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 10. mars s.l. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra og skóladagatal Flúðaskóla 2022-2023. Farið var yfir stöðu vegna kennslueldhúss og lögð til kostagreining milli tveggja valkosta. Þá var fjallað um innsent erindi frá foreldrum vegna Skólasels, lögð fram til upplýsinga skýrsla frá Háskólanum á Akureyri um úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing og einnig var lagður fram til upplýsinga tölvupóstur vegna Skólaþings sveitarfélaga. Sveitarstjórn staðfestir skóladagatal 2022-2023 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
25. **Ungmennaráð: Fundargerð 2. fundar frá 24. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar ungmennaráðs frá 24. febrúar s.l. Þar var fjallað um heilsuviku og hvort áhugi væri fyrir að hafa hana aftur. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
26. **Öldungaráð: Fundargerð 33. fundar frá 28. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 33. fundar öldungaráðs frá 28. mars s.l. Þar var fjallað um sameiginlegt öldungaráð fleiri hreppa og tillögur að húsnæði fyrir fatlað fólk eða eldri borgara. Þá voru ræddar nýjar tillögur um aðstoð við garðþjónustu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
27. **Barnvænt sveitarfélag – stýrihópur – Hrunamannahreppur: Fundargerð 1. fundar 2022 frá 1. mars s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar ársins 2022 frá 1. mars s.l. frá stýrihóp Barnvæns sveitarfélags í Hrunamannahreppi. Þar var farið yfir umræður um samantekt gátlista og farið yfir spurningalista sem lagðir voru fyrir börn í 5.-10. bekk Flúðaskóla og starfsfólk sveitarfélagsins. Þá var farið yfir skipulag barna/ungmannabíngs. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

28. Veitustjórn: Fundargerð 33. fundar frá 28. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 33. fundar veitustjórnar frá 28. mars s.l. Þar var fjallað um ársreikninga Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss ársins 2021. Þá var farið yfir rekstrarniðurstöður vatnsveitu og fráveitu ársins 2021. Að fundi loknum var farið í skoðunarferð til Selfossveitna.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

29. Umhverfisnefnd: Fundargerð 20. fundar frá 4. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar umhverfisnefndar frá 4. apríl s.l. Þar var fjallað um innleiðingu 4 tunnu kerfis en gert er ráð fyrir að hún verði um miðjan maí. Farið var yfir vinnu við loftslagsstefnu og tilnefningar til umhverfisverðlauna og umhverfistróss Hrunamannahrepps ársins 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

30. Fundargerð 235. fundar skipulagsnefndar frá 9. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 235. fundar skipulagsnefndar frá 9. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 29. Brúarhlöð, land Haukhólts 1: Móttaka ferðamanna, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Brúarhlaða L166757 í landi Haukhólts. Deiliskipulagið tekur til um 6 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 30. Ásabyggð 32-42: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Kennarasambandi Íslands er varðar breytingu á deiliskipulagi Ásabyggðar. Breytingin nær til lóða nr. 32-42 ásamt nýrri göngu- og hjólaleið við suðurenda skipulagsreitsins sem nýtist jafnframt sem flóttaleið. Svæðið er um 5,0 ha að stærð. Öll hús innan þessa svæðis eru í eigu Kennarasambands Íslands (KÍ) og eru þau leigð út sem orlofshús til félagsmanna. Markmið breytingarinnar er að leiðrétta staðsetningu þegar byggðra húsa sem eru ekki öll innan byggingareits ásamt því að fjölga um 3 orlofshús og byggja eitt hús sem sinnir umsýslu og viðhaldi á svæðinu auk þess sem gert er ráð fyrir frekari sameiningu lóða. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild fyrir lagningu vegar að nýjum orlofshúsum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfærð gögn. Tillagan verði sérstaklega kynnt innan skipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfærð gögn og að tillagan verði sérstaklega kynnt innan skipulagssvæðisins.

Mál nr. 31. Syðra-Langholt 1 land: Breytt lóðamörk, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Rafni Jónssyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi í Syðra-Langholti 1 land L17479. Í breytingunni felst breytt lega lóðarmarka innan skipulagssvæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 37. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. mars s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. mars s.l.

31. Fundargerð 236. fundar skipulagsnefndar frá 23. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 236. fundar skipulagsnefndar frá 23. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 22. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. mars s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. mars s.l.

32. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshóla: Fundargerð 53. fundar frá 1. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 53. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar frá 1. mars s.l. Þar var fjallað um trúnaðarmál, farið var yfir gjaldskrárbreytingar í fjárhagsaðstoð og akstursþjónustu. Þá var farið yfir erindi til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á gjaldskrá vegna fjárhagsaðstoðar og akstursþjónustu en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

33. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshóla: Fundargerð 54. fundar frá 16. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 54. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar frá 16. mars s.l. Þar var farið yfir tillögu að gjaldskrárhækkun vegna stuðningsfjölskyldna í barnavernd. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna í barnavernd.

34. Oddvitanefnd Uppsveita Árneshóla: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar vegna Laugaráslæknishéraðs frá 3. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar oddvitanefndar Uppsveita vegna Laugaráslæknishéraðs. Þar var farið yfir ársreikning 2021. Fjallað var um hreyfisvæði við Heilsugæsluna í Laugarási, sögu nefndarinnar og Laugarás, samning um umsjón jarðarinnar Laugarás og skipulagsmál í Laugarási. Þá var farið yfir grenndarkynningu vegna Laugagerði lóð og næstu skref og framtíðaráform. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

35. Seyrustjórn: Fundargerð 2. fundar frá 30. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar seyrustjórnar frá 30. mars s.l. Þar var ráðið í í afleysingu vegna þjónustufulltrúa seyruverkefnisins, ráðningu starfsmanna í áhaldahús Hrunamannahrepps vegna hreinsibifreiðar og samninga við verktaka. Þá var rætt um hreinsunarbúnað/sigti á Seyrustöðum, verkstjórnunarkerfi og vígslu Seyrustaða. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

36. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna veitingaleyfis að Efra-Seli.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um leyfi Leyfa sér ehf til veitingareksturs í flokki III á Efra-Seli. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 579. fundar stjórnar frá 4. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Bergisinn b.s. Fundargerð 37. stjórnarfundar frá 1. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Bergisinn b.s. Fundargerð 38. stjórnarfundar frá 8. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Bergisinn b.s. Minnispunktur frá 21. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 5. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

- f. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 7. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 309. fundar stjórnar frá 28. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 310. fundar stjórnar frá 29. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 216. fundar frá 25. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 23. fundar stjórnar frá frá 21. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- k. **Innviðaráðuneytið: Upplýsingapóstur til kjörinna fulltrúa.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Vegagerðin: Umsögn vegna héraðsvegar að bænum Kluftum í Hrunamannahrepp.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Átak um Hringrásarhagkerfið.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Erindi varðandi gildistöku barnaverndarlaga.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Bréf til Vegagerðarinnar: Vegtenging Reykjabakka við Hrunaveg.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Samþykkt bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga vegna Suðurnesjalínu 2.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Húsnæðissjálfsseignarstofnun Brák hses: Fundargerð stofnfundar frá 23. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Minni sveitarfélög á Íslandi: Fundargerð frá 6. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Miðlunargeymir Berghylsfjalli. Verkfundargerð 8. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- u. **Límtré Vírnet ehf: Samstæðuársreikningur 2021.**
Lagt fram til kynningar.
- v. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 907. fundar stjórnar frá 25. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- w. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 908. fundar stjórnar frá 25. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- x. **SASS:Skýrsla um stöðu atvinnumála í Uppsveitum Árnessýslu.**
Lagt fram til kynningar.
- y. **UTU bs.: Sunnuhlíð í Hrunamannahreppi: Íbúðarbyggð, deiliskipulagsbreyting.**
Lagt fram til kynningar.
- z. **UTU bs.: Skollagróf: Efnistaka, aðalskipulagsbreyting.**
Lagt fram til kynningar.
- aa. **HSK: Héraðsþing HSK.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

bb. Upplýsingafjarfundur stjórnar SASS með aðildarsveitarfélögum, 22. apríl n.k.

Lagt fram til kynningar.

cc. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundur 25. apríl vegna stefnumótunarvinnu vegna landsþings.

Lagt fram til kynningar.

dd. Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 5. maí n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:10.